

Nr. 041 / 16 Straumur NS 16**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6978
Smíðaður: Hafnarfirði 1988 plast
Stærð: 4,98 brl. 3,97 bt.
Mesta lengd: 8,55 m Skráð lengd: 7,61 m
Breidd: 2,21 m Dýpt: 1,58 m
Vél: Vetus 106 kW 1999
Fjöldi skipverja: 1



Straumur ©Skip.is

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 26. maí 2016 var Straumur NS 16 á strandveiðum á NA miðum. Veður: SV 10 m/s.

Þegar Straumur var á siglingu milli veiðisvæða um tvær sml austur af Bjarnarey stöðvaðist vélin. Skipstjóri hafði samband við VSS (*Vaktstöð siglinga*) og óskaði eftir aðstoð. Björgunarskipið Sveinbjörn Sveinsson fór frá Vopnafirði og dró Straum til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að rafmagnsspóla við ádrepara á vélinni hafði bilað;
- að engin viðvörðun kom frá vélinni.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.